



14

Bænda-
blaðið í
réttunum

8

Disilólía
búin til úr
dýrafituÞriðjudagur
26. september 2006
● 16. tölublað
● Blað nr. 246
● Upplag 15.250
● Sími 563 0300
● augl@bbl.is

7

Tilraun
með
álaeldi í
Hornafirði

Bændablaðið

Tillögur Samfylkingarinnar ógna afkomu bænda og þúsunda launafólks - afnám búvörutolla væri einsdæmi í Evrópu

Samfylkingin hefur kynnt tillögur sem verða fluttar á haustþingi til lækkunar á matvælaaverði. Í þessum tillögum er m.a. lagt til að tollar af matvælum verði felldir niður í tveimur áföngum; um mitt ár 2007 og 2008. Í staðinn er talað um að taka upp auknar beingreiðslur og búsetustyrki, a.m.k. tímabundið. Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, telur tillögur þessar glæfrælegar og ábyrgðarlausar. „Fullt afnám tolla á svo skömmum tíma mun greiða landbúnaðinum og úrvinnslugreinum hans þungt högg. Þetta snertir atvinnuhagsmunum margra þúsunda manna í sveitum og bæjum. Allt tal um nýjar greiðslur til að bæta skaðann er pólitískt hjál sem ekki er raunhæft að slíkar greiðslur verði teknar upp – m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga.“

Sigurgeir bendir á að búsetustyrkir, sem ekki mega tengjast neinni framleiðslugrein sérstaklega, geti ekki komið í staðinn fyrir

ir tollvernd. „Engin þjóð í okkar heimshluta hefur gengið svo langt að fella niður alla verndartolla af búvörum. Þótt vörufelldi sé frjálst innan ESB heldur bandalagið uppi verndartollum fyrir búvöruframleiðslu sína. Þess utan greiðir það

háar upphæðir í útflutningsbætur til þess að geta keppt í útflutningi við ódýrustu framleiðslu heimsins. Það væru þannig niðurgreiddar vörur sem íslenskir bændur þyrftu að keppa við. Samningaviðræður innan WTO (Alþjóðaviðskipta-

stofnunin) snúast m.a. um að þræpa tollana niður á nokkurra ára bili, jafnvel um 50 til 70% og afnema útflutningsbætur. Það er út af fyrir sig þróun sem við höfum reiknað með að þurfa að takast á við með einhverjum hætti, en þetta útspil

Samfylkingarinnar er ekki mjög ábyrgðarfullt.“

Formaður Samfylkingarinnar sagði við kynningu á tillögnum að matarverð á Íslandi væri 50% herra en í nágrannalöndunum.

Framhald á bls. 2.



Helgi Bergþórsson, bóndi á Eystra-Súlunesi í Hvalfjarðarsveit, er einn af mörgum bændum sem rækta korn. Í vagninum er korn af gerðinni Filippa.

Störf í landbúnaðar-
tengdri þjónustu og
úrvinnslu

Hvert starf skiptir máli

Árið 2005 töldust 3.710 manns starfandi í landbúnaði, samkvæmt upplýsingum sem Bændasamtök Íslands öfluðu hjá Hagstofu Íslands í júní sl. Þar af voru 2.340 sem störfuðu við nautgripa-, sauðfjá-, svína- og alifuglarækt. Fjöldi starfa við úrvinnslu og þjónustu við landbúnað var einnig skoðaður. Alls störfuðu í þessum greinum 2.430 manns. Þar af voru 1590 í slátrun, kjötvinnslu og kjötiðnaði. Þá voru 1.570 eða um 65% af þessum störfum utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Alls eru því á sjöunda þúsund störf í landbúnaði, úrvinnslu og þjónustu við hann. Auk þess er fjöldi afleiddra starfa. Það þarf því ekki að koma á óvart að aðildarfélög Starfsgreinasambandsins á landsbyggðinni hafi látið í sér heyrna um þessi mál. /EB

Miklir fjárhagserfiðleikar hjá mörgum dvalarheimilum

Miklir fjárhagserfiðleikar eru nú hjá flestum dvalar- og hjúkrunarheimilum aldraðra í sveitarfélögum landsins. Ástæðurnar eru fyrst og fremst tvær; launahækkunar starfsfólks, sem ekki hefur verið tekið tillit til af hálfu ríkisins, og að dvalargjöld hafa ekki hækkað.

Sem dæmi um þessa erfiðleika má nefna dvalarheimilið Hjallatún í Mýrdalshreppi. Á fundi rekstrar-

arnefndar dvalarheimilisins fyrir í sumar óskaði nefndin eftir að sveitarstjórn heimilaði að Mýrdalshreppur ábyrgðist aukna yfirdráttarheimild á reikningi í KB-banka allt að 15 millj. króna til 6 mánaða. Á fundinn mætti Guðlaug Guðmundsdóttir, forstöðumaður Hjallatúns.

Guðlaug upplýsti um stöðu mála sem er 7-8 milljóna króna tap á rekstri síðasta árs og gert er ráð

fyrir um 11 milljóna króna tapi á yfirstandandi ári. Helstu ástæður taprekstrar eru aukinn launakostnaður, sem ekki hefur verið tekið tillit til af hálfu ríkisins, og að daggjöld hafa ekki hækkað eins og þau hefðu þurft að gera enda einu tekjurnar sem dvalar- og hjúkrunarheimili hafa. Umræður eru í gangi um hækkan daggjalda en ekki von á niðurstöðum á næstu vikum. Sveitarstjórn samþykkti erindi rekstrarnefndar og fól sveitarstjóra að vekja athygli heilbrigðis- og fjármálaráðherra á óviðunandi stöðu heimilisins.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, sagði í samtali við Bændablaðið að þarna stefndi í mikla erfiðleika því Hjallatún safnaði bara skuldum og daggjöldin

hefðu ekki hækkað eins og þyrfti. Sömuleiðis hefðu orðið breytingar á launatöxtum. Við gerð síðustu kjarasamninga, sem eru orðnir allgamlir, var ákveðið að fara í starfsmat. Það hafði þær afleiðingar að starfsfólk hækkaði töluvert í launum og sveitarfélagið á ekki fjármuni til að mæta þessum launahækkunum. Engin loford hafa komið frá ríkinu um að koma til móts við sveitarfélögin í þessum efnum og sagt að ríkið geti ekki tekið ábyrgð á samningum sem sveitarfélögin gera.

„Ég veit ekki hvort von er á einhverjum leiðréttingum af ríkisins hálfu en staðan er grafalvarleg hjá okkur enda þarf lítið til að skekkja rekstur litilla dvalarheimila eins og Hjallatún,“ sagði Sveinn.

Hesthús fyrir 200 hross í byggingu á Hólum

Fyrirtækið Hesthólar ehf., sem Kaupfélag Skagfirðinga á meirihluta í, hefur gert samning við Límtré Vírnet um að byggja hesthús fyrir 200 hross á Hólum. Húsið verður 3.300 fermetrar og í því verður líka 800 fermetra reiðskemma. Allt burðarvirki hússins verður úr límtré sem framleitt verður í verksmiðju fyrirtækisins á Flúðum en veggir og þak verður klætt með báruðu alusinki frá verksmiðjunni í Borgarnesi.

Framhald af forsiðu.

Sigurgeir segir að þetta sé ónákvæmt – munurinn sé nærri 50% þegar miðað er við eitthvert meðaltal Evrópuríkja en hann vekur athygli á að verðlag sé t.d. nær 70% hærra í Danmörku en á Spáni, þrátt fyrir tollfrjálst vöruflæði og sömu landbúnaðarstefnu. Munurinn milli Íslands og Danmerkur sé mun minni eða 20-30% þegar tekið er tillit til mismunandi virðisaukaskatts. „Það hlýtur hver heilvita maður að sjá að það er mun eðlilegra að bera verðlag hér saman við verðlag í Danmörku heldur en á Spáni. Það liggur líka fyrir að verðlag er nátengt kaupmætti (sjá bls. 16) í þessum löndum og á Íslandi þurfa menn styttri tíma en á Spáni til að vinna fyrir matarútgjöldunum.“

Sigurgeir vill enn rifja upp, sem oft hefur fram komið, að samkvæmt þeirri Evrópukönnun, sem verðlagsumræðan byggist á eru ýmsar aðrar matvörur – þar á meðal innfluttar – hlutfallslega dýrari hér en innlendu búvörunar og jafnframt að matvælavæðing á Íslandi sé ekki úr takti við annað verðlag. „Til dæmis liggur fyrir að fatnaður og skór eru álíka mikið dýrari á Íslandi en í Evrópu eins og matvaran og það er athyglisvert að fót og skór vega álíka mikið í framfærslukostnaði og kjöt og mjólk.“

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna, segir að útgjöld íslenskra heimila til kaupa á mat- og drykkjarvörum hafi lækkað úr 19,2% árið 1990 í 13,6%. Óviða eða hvergi í Evrópu lækkaði hlutfall matarútgjalda jafn mikið á þessum tíma.

„Þessi árangur er að sjálfsögðu samspil margra þátta; hagvöxtur og aukinn kaupmáttur launa vega auðvitað þungt. Smásöluverslunin hefur einnig tekið breytingum sem líkja má við umbyltingu. Engin ástæða er heldur til að ætla annað en að enn megi ná lengra,“ sagði Erna.

Framkvæmdastjóri Samtaka sænsku smásöluverslunarinnar, sagði á fundi hjá Samtökum verslunar- og þjónustu fyrir skömmu að hér á landi mundi ekki duga, fremur en annarsstaðar, að opna markaðinn og fella niður opinbera álagningu, heldur yrði jafnframt að auka samkeppnina. Þarna skírskotaði hann til reynslu Svía og sagði að ógnin af þýskum „ofurlágvöruverðskæðjum“ héldi nú aftur af verðlagi þar í landi.

Sigurgeir segir að ríkisstjórnin hafi boðað aðgerðir á næstunni til að ná fram lækkun á matvælavæðing. „Þar verður örugglega skoðuð skattlagning á öllum stigum, þ.m.t. innflutningstollar. Bændur hafa aldrei hafnað því að koma að slíkri vinnu með jákvæðu hugarfari, en við hljótum að leggja á það þunga áherslu að eftirlit með samkeppni verði styrkt og það verði veigamikill þáttur í þeim aðgerðum sem boðaðar eru. Við getum ekki vænst þess að fá hingað þessar öflugustu þýsku keðjur, en við verðum engu að síður að reyna að tryggja hér öfluga samkeppni á smásölumarkaðinum.“

Ólafur Sigmarsson, stjórnarformaður Hesthóla ehf., sagði í samtali við Bændablaðið að húsið yrði leigt Hólaskóla og nemendum hans sem hluti af aðstöðu fyrir hestanám- ið á Hólum. Leigan verður ekki há og sennilega koma nemendur betur út úr henni en heldur en að þurfa að geyma hesta sína á hinum og þessum bæjum í Skagafirði og þurfa að sækja þá og fara svo með til baka en hluti af náminu byggist á eigin hestum nemenda.

Hesthólar ehf. hafa tekið þátt í að byggja upp nemendagarða á Hólum og segir Ólafur að þetta hesthús sé hluti af þeirri þróun að hestánámsbraut á Hólum geti vaxið. Þessa aðstöðu vantar tilfinnanlega því aðsókn að hestánámsbrautinni er gríðarlega mikil.

Stefán Logi Haraldsson hjá Límtré Vírnet sagði að bygging hússins væri komin á fulla ferð. Búið væri að steypa sökklá undir það og vinna væri hafin við límtrésburðarvirkin á Flúðum og síðan yrði ekið með þau heim að Hólum.



Kvikmyndastjarna á Reykjum

Gömlu fuglaþúfurnar hnitsettar

Búnaðarsamtök Vesturlands bjóða bændum upp á að ákvarða landamerki með nútímataækni

Búnaðarsamtök Vesturlands bjóða nú bændum upp á aðstoð við að hnitsetja lönd þeirra og þinglýst landamerki jarða. Að sögn Eiríks Blöndal, framkvæmdastjóra sambandsins, hefur verið gerður samningur um aðgang að nákvæmu GPS-staðsetningartæki ásamt mælingamanni sem fer heim á bæi og hnitsetur landamerki eftir forsoðun bændna. Hnitin eru síðan færð inn á loftmyndir og teljast eftir það góður grunnur undir þinglýsingar landamerkja.

„Landamerkjamálar geta verið erfið og verða ekki betri með tíman-

um,“ segir Eiríkur. „Þess vegna er mikilvægt að hnitsetja landamerki meðan hægt er að finna og átta sig á þeim kennileitum sem notuð eru í landamerkjabréfum. Með GPS-tækninni er hægt að setja niður punkta með mikilli nákvæmni, 5-20 sentimetrum og allt niður í 1 sentimetra ef þörf krefur. Það getur skipt verulegu máli ef langt er á milli mælipunkta. Á grundvelli þessara hnitsetninga er svo gerður uppdráttur, hann áritaður og honum þinglýst.“

Eiríkur segir að ætlunin sé að byrja á nokkrum jörðum í Mið-Dölum og athuga hvernig mönnum

líki. „Það hafa orðið þónokkur viðbrögð eftir að við sögðum frá þessu í fréttabréfinu okkar. Við vitum ekki enn hversu mikið þetta kostar því það á eftir að semja um afnot af kortagrunni. Það er þó ljóst að þetta er ekki ódýrt,“ segir hann. Hann bætir því við að hnitsetningar og þinglýsingar landamerkja með þessari tækni séu vel fallnar til að eyða óvissu um hvar mörk jarða liggja. Hins vegar vill hann ekki fullyrða neitt um að þær komi bændum að gagni í því að svara kröfum ríkisins vegna þjóðlendamála. Þar gildi þó að haldgóðar upplýsingar styrki málstað bændna.

Einn af nemendum garð- og skógarplöntubrautar Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi, Særun Stefánsdóttir, á tvo íslenska hunda, Skottu og Topp, sem er orðinn ein af aðal kvikmyndastjörnum landsins. Toppur var með hlutverk í myndinni „Veðramót“ eftir Guðnýju Halldórsdóttur, en myndin verður sýnd á næsta ári í kvikmyndahúsum landsins. Toppur er hundur Hilms Snæs, aðalleikara myndarinnar.

Toppur og Hilmir Snær hafa verið í stífum tókum síðustu vikurnar en þær hafa farið fram við Malarrið rétt við Arnarstapa á Snæfellsnesi og á höfuðborgarsvæðinu. Toppur er þriggja ára, hlýðinn og góður hundur sem vekur sérstaklega athygli fyrir fallegan feld og svip. A myndinni hér fyrir ofan má sjá Særunu með Skottu og Topp (t.h.) sem horfði staðfastur í linsu myndavélarinnar - enda orðinn vanur slíkum tækjum. /MHH

Innihaldsmerkingar áburðar valda ruglingi og skaða

Landbúnaðarstofnun vinnur að reglugerð sem leggja þarf fyrir Eftirlitsstofnun EFTA

Hjá Búnaðarsambandi Suðurlands og eflaust víðar hafa menn verið að ergja sig á mismunandi merkingum á innihaldi tilbúins áburðar. Í sumar ályktaði sambandið um að beina því til Landbúnaðarstofnunar að settar yrðu reglur um samræmi í þessum merkingum. Þar er nú unnið í málinu og standa vonir til þess að ný reglugerð taki gildi um næstu áramót.

Jóhannes Símónarson, ráðunautur hjá BSSL, segir að þetta mál snúist um breytingar á merkingum sem orðið hafa eftir að áburðarsölum fjölgaði á markaði.

„Áburðarverksmiðjan hefur alltaf haft þann sið að tilgreina innihald fosförs og kalí í sýrlingum en þegar Hydro, sem nú heitir Jara, kom á markað gaf fyrirtækið innihaldið upp í hreinum efnum. Nú eru fimm fyrirtæki á þessum markaði og þrjú þeirra gefa innihaldið upp í sýrlingum en tvö í hreinum efnum. Þetta veldur bara ruglingi sem getur orðið til þess að bændur skaðist,“ segir Jóhannes.

Það skýrir hann með því að gildi sýrlinganna og hreinu efnanna sé misjafnt. „Ef við tókum vinsælan áburð sem oft er nefndur 15-15-15 þá merkir nafnið að í honum sé 15% köfnunarefni, 15% fosförsýrlingur og 15% kalísýr-

lingur. Væri innihaldið gefið upp í hreinum efnum ætti áburðurinn að heita 15-7-10 eða þar um bil. Þetta veldur ruglingi og getur orðið til þess að bændur gefa of mikinn eða of lítinn áburð. Það er hins vegar skiljanlegt að Áburðarverksmiðjan haldi fast í sitt heiti því það hljómar miklu betur, auk þess sem eldri bændur eru vanir því að innihaldið sé gefið upp í sýrlingum.

Í leiðbeiningaþjónustunni hefur innihaldið hins vegar verið gefið upp í hreinum efnum um áratugaskeið en aðalatriðið er að gætt sé samræmis í innihaldsmerkingunum. Um þetta gilda engar reglur svo fyrirtækin geta gert það sem þeim sýnist. Við höfum því reynt að ýta á eftir því að Landbúnaðarstofnun setji samræmdar reglur um þessar merkingar en það hefur ekkert gerst í því enn,“ segir Jóhannes.

Verið að semja reglugerð

Ólafur Guðmundsson hjá Landbúnaðarstofnun segir að nú sé verið að leggja síðustu hönd á reglugerð um bæði lífrænan og tilbúinn áburð. „Að hluta til gilda um þessi efni reglur frá Evrópusambandinu sem okkur ber að fara eftir, en að hluta til ná þær reglur ekki yfir þetta. Framkvæmdastjórn ESB vill til dæmis nota sýrlinga í innihaldsmerkingum og þá gæti farið svo að ef við setjum reglur um að innihaldið sé gefið upp í hreinum efnum túlki framkvæmdastjórnin það svo að verið sé að setja reglur sem hamli samkeppni. Þess vegna þarf að bera þessar reglur undir Eftirlitsstofnun EFTA, ESA,“ segir Ólafur.

Hann bætir því við að gerð reglnanna sé á lokastigi og að þær verði sendar innan tíðar til ESA. „Þar taka menn sér þrjá mánuði í að skoða þessar reglur og úrskurða hvort þær standast regluverk ESB. Við bindum því vonir við að reglugerðin geti tekið gildi um áramót og gildi um áburð sem seldur verður næsta vor. Í þessum reglum verð-



ur tekið á ýmsum fleiri þáttum, til dæmis kögglum í áburði sem oft eru til vansa. Hjá ESB gilda þær reglur að bændur eigi að sjá það sjálfir hvort kögglar eru í áburðinum og því sé ástæðulaust að setja um þá sérstakar reglur. Íslenskir bændur sjá hins vegar ekki áburðinn fyrr en hann er kominn heim á hlað því hann er fluttur inn í stórum sekkjum. Þá er of seint að bregðast við. Það er hins vegar óvist hvaða augum ESA myndi líta það að settar væru reglur sem banna köggla í áburði,“ sagði Ólafur Guðmundsson.